

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 10. febrúar 2022

Mál nr. S-708/2020:

Lögreglustjórinn á Suðurlandi

(Ólafur Hallgrímsson fulltrúi)

gegn

Hörpu Másdóttur

(Ingólfur Vignir Guðmundsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 26. janúar sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurlandi dagsettri þann 3. nóvember 2020 á hendur ákærðu, Hörpu Másdóttur, [...]

I. fyrir umferðarlagabrot

með því að hafa, föstudaginn (svo) 19. júní 2019, ekið bifreiðinni [...] svipt ökurétti um Vesturlandsveg um gatnamót við Skeiðarvog og að Mörkinni 6 í Reykjavík, óhæf til að stjórna bifreiðinni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefnana (svo) (í blóði mældist zópíklón 56 ng/ml, tramadól 130 ng/ml og O-desmetýltramadól 35 ng/ml) og slævandi lyfja (í blóði mældist demoxepam 460 ng/ml, desmetýlklórdiazepoxíð 690 ng/ml, klónazepam 14 ng/ml, klórdiazepoxíð 1390 ng/ml, kódein 315 ng/ml og nordiazepams 570 ng/ml). 007-2019-38044

Teljast brot ákærðu varða við 2. mgr. 44. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga, sbr. 2. mgr. 48. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr. núgildandi umferðarlaga nr. 77, 2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

II. fyrir umferðarlaga- og skjalabrot

með því að hafa, föstudaginn 13. september 2019, ekið bifreiðinni [...] svipt ökurétti, með röngu skráningarmarki að framan en skráningarmarkið tilheyrði bifreiðinni [...] og engu skráningarmarki að aftan, suður Breiðholtsbraut í Reykjavík, óhæf til að stjórna bifreiðinni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist zópíklón 7,0 ng/ml, tramadól 310 ng/ml og O-desmetýltramadól 60 ng/ml) og slævandi lyfja (í blóði mældist demoxepam 780 ng/ml, desmetýlklórdiazepoxíð 890 ng/ml, klónazepam 15 ng/ml, klórdiazepoxíð 1110 ng/ml, kódein 70 ng/ml og nordiazepam 800 ng/ml). 007-2019-58241

Teljast brot ákærðu varða við 157. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, 2. mgr. 44. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. a., 1. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 63. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga, sbr. 2. mgr. 48. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 50. gr., 1. mgr. 58. gr., 1. mgr. 72. gr. núgildandi umferðarlaga nr. 77, 2019, sbr. 1. mgr. 94. gr. og 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

III. fyrir umferðarlagabrot

með því að hafa, miðvikudaginn 11. mars 2020, ekið bifreiðinni [...] um bifreiðstæði (svo) við verslunina Nettó á Selfossi, ófær um að stjórna bifreiðinni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 125 ng/ml, zópíklón 52 ng/ml, tramadól 80 ng/ml og O-

desmetýltramadol 40 ng/ml), og slævandi lyfja (í blóði mældist demoxepam 680 ng/ml, desmetýlklórdíazepoxíð 570 ng/ml, klórdíazepoxíð 680 ng/ml, kódein 85 ng/ml og nordiazepam 810 ng/ml). 318-2020-3442

Teljast brot ákærðu varða við 2. mgr. 48. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77, 2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

IV. fyrir umferðarlagabrot

með því að hafa, föstudaginn 22. maí 2020, ekið bifreiðinni [...] suður Eyraveg og að Álalæk 20 á Selfossi, án þess að hafa ökuskírteini meðferðis og ófær um að stjórna bifreiðinni örugglega vegna áhrifa slævandi lyfja (í blóði mældist demoxepam 350 ng/ml, desmetýlklórdíazepoxíð 570 ng/ml, klónazepam 43 ng/ml, klórdíazepoxíð 360 ng/ml, kódein 170 ng/ml og nordiazepam 560 ng/ml). 318-2020-6759

Teljast brot ákærðu varða við 2. mgr. 48. gr. og 8. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77, 2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

V. fyrir umferðarlagabrot

með því að hafa, fimmtudaginn 28. maí 2020, ekið bifreiðinni [...] um bifreiðastæði við Hörðuvelli 1 á Selfossi, án þess að hafa ökuskírteini meðferðis og óhæf til að stjórna bifreiðinni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist zópíklón 10 ng/ml og tramadol 35 ng/ml) og slævandi lyfja (í blóði mældist demoxepam 450 ng/ml, desmetýlklórdíazepoxíð 650 ng/ml, klónazepam 29 ng/ml, klórdíazepoxíð 560 ng/ml og nordiazepam 600 ng/ml). 318-2020-7010

Teljast brot ákærðu varða við 2. mgr. 48. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 8. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77, 2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

VI. fyrir umferðarlagabrot

með því að hafa, miðvikudaginn 10. júní 2020, ekið bifreiðinni [...] svipt ökurétti vestur Engjaveg og um gatnamót norður Rauðholt á Selfossi ófær um að stjórna bifreiðinni örugglega vegna áhrifa slævandi lyfja (í blóði mældist demoxepam 670 ng/ml, desmetýlklórdíazepoxíð 1210 ng/ml, klórdíazepoxíð 1140 ng/ml, kódein 35 ng/ml og nordiazepam 1080 ng/ml). 318-2020-7766

Teljast brot ákærðu varða við 2. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77, 2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

VII. fyrir umferðarlagabrot

með því að hafa, þriðjudaginn 23. júní 2020, ekið bifreiðinni [...] svipt ökurétti norður Langholt við verslunina Byko á Selfossi ófær um að stjórna bifreiðinni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist zópíklón 11 ng/ml) og áhrifa slævandi lyfja (í blóði mældist demoxepam 890 ng/ml, desmetýlklórdíazepoxíð 1640 ng/ml, klórdíazepoxíð 2030 ng/ml, kódein 40 ng/ml og nordiazepams 1550 ng/ml). 318-2020-8597

Teljast brot ákærðu varða við 2. mgr. 48. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77, 2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til að sæta **sviptingu ökuréttar frá 28.05.2020 að telja**, samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987 með áorðnum

breytingum, sbr. 99. og 101. gr. núgildandi umferðarlaga nr. 77, 2019, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærða neitar sök í öllum ákæruliðum og krefst aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi. Til vara krefst hún sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins. Til þrautavara krefst hún vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá er krafist málsvarnarlauna samkvæmt tímaskýrslu verjanda hennar.

Mál þetta var upphaflega dæmt í Héraðsdómi Suðurlands þann 2. mars 2021, en með dómi Landsréttar í máli nr. 197/2021 var héraðsdómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Var á því byggt að í hinum áfrýjaða dómi hefði verið gengið út frá því að ákærða hefði gengist við því að hafa ekið umræddum bifreiðum í öllum tilvikum sem ákært var fyrir þótt hún hafi borið um annað í skýrslugjöf sinni fyrir dómi. Þeirri skýrslugjöf yrði hvorki breytt með yfirlýsingu verjanda hennar né með samkomulagi milli málflytjenda. Við þessar aðstæður hefði dómara borið að gæta þess að ákærða gæfi skýrslu að nýju í samræmi við ákvæði XVII. kafla laga nr. 88/2008 til að ganga úr skugga um hvort hún vildi draga fyrri framburð sinn til baka og þá að hvaða leyti. Þar sem þessa hafi ekki verið gætt hafi hinn áfrýjaði dómur verið reistur á röngum forsendum um framburð ákærðu fyrir dómi. Hafi sá annmarki verið þess eðlis að ómerkja yrði hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Skýrslugjöf ákærðu og vitna var því endurtekin við hina seinni aðalmeðferð málsins, enda hafði ákærðu verið skipaður nýr verjandi.

Krafa ákærðu um frávísun er á því byggð að engin rannsókn hafi farið fram á hæfi ákærðu til aksturs nema í einu tilviki. Það atriði lýtur að efnisþætti málsins og ber því að hafna þessari kröfu ákærðu.

Ákæruliður I (007-2019-38044, RLE 192413)

Málavextir

Miðvikudaginn 19. júní 2019 kl. 13:55 voru lögreglumenn við eftirlit á Vesturlandsvegi er þeir urðu varir við bifreiðina [...] og ákváðu að athuga með ökuréttindi og ástand ökumanns. Akstur bifreiðarinnar var stöðvaður fyrir utan Mörkina 6 og samkvæmt lögregluskýrslu reyndist ökumaður bifreiðarinnar vera ákærða í máli þessu og mun hún hafa verið svipt ökurétti. Í lögregluskýrslu segir að hún hafi verið mjög sljó í máli og þvagsýni hafi verið jákvætt á BZO-OPI-TCA-TRA. Í lögregluskýrslu er ástandi ákærði lýst þannig að ástand hennar hafi verið annarlegt, sjáaldur hafi verið

samandregin, jafnvægi óstöðugt og framburður ruglingslegur. Ákærðu var tekið blóð til rannsóknar kl. 14:56 sama dag og þá kom héraðslæknir á lögreglustöðina á Vínlandsleið og gerði hæfnispróf/klínískt mat á henni. Í niðurstöðu hans kemur fram að ákærða hafi verið í þannig ástandi að ómögulegt væri að meta stig áhrifa og þá hafi læknirinn verið óviss um það hvort hún væri fær um að stjórna ökutæki örugglega.

Lögð hefur verið fram í málinu matsgerð rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði dagsett 16. júlí 2019, undirrituð af sviðsstjórunum A og B. Þar kemur fram að í þvagsýni ákærðu hafi fundist Tramadol og Kódein. Þá hafi mælst í blóði hennar eftirfarandi efni: Demoxepam: 460 ng/ml, Desmetýlklórdiazepoxíð: 690 ng/ml, Klónazepam: 14 ng/ml, Klórdiazepoxíð: 1390 ng/ml, Kódein: 315 ng/ml, Nordiazepam: 570 ng/ml, O-desmetýltramadol: 35 ng/ml, Tramadol: 130 ng/ml og Zópiklón: 56 ng/ml. Í matsgerðinni kemur fram að þrjú síðastgreindu efnin séu í flokki ávana- og fíkniefna sem óheimil séu á íslensku forráðasvæði og teljist ökumaður því hafa verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar sýni var tekið. Þá er gerð grein fyrir slævandi áhrifum annarra lyfja á miðtaugakerfið og talið fullvíst að ökumaður hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti vegna slævandi áhrifa framangreindra lyfja.

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi

Ákærða skýrði svo frá fyrir dómi í fyrstu að hún myndi ekki eftir því að hafa ekið bifreiðinni en ítrekað aðspurð kvaðst hún neita því að hafa ekið henni. Hún kvaðst umræddan dag örugglega hafa verið heima hjá sér eins og vanalega og þá kvaðst hún engar skýringar geta gefið á því að nafn hennar hafi ratað í lögregluskýrslu í málinu og henni hafi verið dregið blóð. Hún kvaðst mjög lítið vera á þessari bifreið, sonur hennar hafi verið í slæmum málum og hafi hann og fíkniefnaneytendur tekið bifreiðina.

Lögreglumaður nr. 1922 gaf skýrslu fyrir dómi í gegnum fjarfundarbúnað og staðfesti afskipti sín af máli þessu en tók fram að hann myndi lítið eftir málinu. Hann kvað ökumann hafi verið talinn undir áhrifum lyfja eða fíkniefna og minnti hann að ákærða hefði verið sljó. Hann mundi eftir því að læknir hefði framkvæmt hæfnispróf á ákærðu og hefði niðurstaða hans verið að hann væri óviss. Hann mundi ekki hvort ákærða hefði framvísað vottorði eða sjúkrakorti þess efnis að hún væri hæf til aksturs bifreiðar.

Vitnið C læknir staðfesti að hann hefði verið kvaddur á lögreglustöð til að framkvæma hæfnispróf eða klínískt mat á ákærðu en tók fram að hann myndi lítið eftir þessu. Hann kvað að ákærða hefði verið sljó við skoðun, hæg í máli og þá hafi skoðun

bent til þess að hún gæti hafa verið undir einhverjum áhrifum af róandi lyfjum, en hún hafi líka verið döpur. Hún hafi ekki verið í jafnvægi og væri ómögulegt að segja hvort það væri mögulega vegna áhrifa af róandi lyfjum sem hún hefði ekki gefið upp.

Vitnið A staðfesti matsgerð sína í símaskýrslu fyrir dómi. Hún kvað öll þau lyf sem mælst hafi í blóði ákærðu, klónazepam, klordiazepoxid, sobiklon, kodein og tramadol, hafa haft slævandi áhrif á miðtaugakerfið. Þau séu öll samverkandi þannig að henni fannst ótrúlegt að viðkomandi hefði getað keyrt.

Niðurstaða

Ákærðu er í þessum ákærulið gefið að sök að hafa ekið bifreið svipt ökurétti og óhæf til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna og slævandi lyfja. Ákærða neitar sök.

Með hliðsjón af framburði lögreglumanns nr. 1922 og öðrum gögnum málsins telst nægilega sannað að ákærða hafi ekið bifreið sinni umrætt sinn, enda hefur ákærða ekki gefið trúverðugar skýringar á neitun sinni og verður að telja að engum öðrum en henni sé til að dreifa sem ökumanni.

Í máli þessu liggur fyrir matsgerð rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði sem staðfest hefur verið fyrir dómi og ekki verið hnekkt og er niðurstaða hennar sú að ákærða hafi verið óhæf til þess að stjórna ökutæki örugglega. Þá var talið fullvíst vegna slævandi áhrifa annarra lyfja á miðtaugakerfið að ákærða hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti.

Þegar ákærða ók bifreiðinni var í gildi 7 mánaða ökuréttarsvipting hennar frá 15. maí 2019. Með hliðsjón af öllu framansögðu er því nægilega sannað að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök í þessum ákærulið og þar þykir rétt færð til refsíákvæða. Það athugast að 19. júní 2019 var miðvikudagur en ekki föstudagur eins og í ákæru greinir, en vörn ákærðu hefur ekki orðið áfátt af þessum sökum, sbr. 1.mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Ákæruliður II (007-2019-58241, RLE 193659)

Málavextir

Föstudaginn 13. september 2019 kl. 18:32 stöðvaði lögreglan akstur bifreiðar sem bar skráningarmerkið [...] að framan en ekkert skráningarmerki var að aftan. Samkvæmt lögregluskýrslu var ákærða ökumaður bifreiðarinnar. Við rannsókn málsins kom í ljós

að þessi skráningarmerki tilheyrðu ekki þessari bifreið, rétt skráningarmerki hennar voru [...]. Í lögregluskýrslu segir að ákærða hafi verið með samandregna augasteina, hún hafi titrað og verið sljó. Fíkniefnapróf sem tekið var á lögreglustöðinni var jákvætt á TRA, TZA, OP og BZO. Ákærðu var tekið blóð til rannsóknar kl. 19:22 sama kvöld og segir í lögregluskýrslu að hún hafi farið úr bol og brjóstahaldara. Hún kvaðst ekki nota fíkniefni en taka inn mikið af lyfseðilskyldum lyfjum. Hún kvaðst hafa fundið skráningarnúmerin á víðavangi þar sem hennar skráningarnúmerum hefði verið stolið.

Lögð hefur verið fram í málinu matsgerð rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði dagsett 14. október 2019, undirrituð af sviðsstjórunum A og B. Þar kemur fram að í þvagsýni ákærðu hafi fundist Tramadol og Kódein. Þá hafi mælst í blóði hennar eftirfarandi efni: Demoxepam: 780 ng/ml, Desmetýlklórdiazepoxíð: 890 ng/ml, Klónazepam: 15 ng/ml, Klórdiazepoxíð: 1110 ng/ml, Kódein: 70 ng/ml, Nordiazepam: 800 ng/ml, O-desmetýltramadol: 60 ng/ml, Tramadol: 310 ng/ml og Zópiklón: 7,0 ng/ml. Í matsgerðinni kemur fram að þrjú síðastgreindu efnin séu í flokki ávana- og fíkniefna sem óheimil séu á íslensku forráðasvæði og teljist ökumaður því hafa verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar sýni var tekið. Þá er gerð grein fyrir slævandi áhrifum annarra lyfja á miðtaugakerfið og talið fullvíst að ökumaður hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti af þessum sökum.

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi

Ákærða skýrði svo frá fyrir dómi að hún kannaðist ekki við að hafa ekið bifreiðinni og þá kannaðist hún ekki við að henni hefði verið tekið blóð til rannsóknar. Hún kvaðst nánast aldrei vera á þessum bíl, hana langaði ekki að vera á honum og svo væri hann yfirleitt ekki í hennar umsjá, hún hafi hætt að tilkynna hann stolinn því hún hafi alltaf sjálf þurft að hafa uppi á honum á endanum.

Lögreglumaður nr. 1844 gaf skýrslu fyrir dómi í gegnum fjarfundarbúnað og staðfesti afskipti sín af máli þessu. Hann staðfesti að ákærða hefði verið handtekin grunuð um að hafa ekið undir áhrifum lyfja og með röng skráningarmerki.

Vitnið A staðfesti matsgerð sína fyrir dómi. Fram kom í vitnisburði hennar að niðurstaða rannsóknarinnar staðfesti að viðkomandi gæti ekki stjórnað bifreið með öruggum hætti. Hún kvað klónazepamið vera flogaveikilyf sem sé mikið misnotað og sé algjörlega fullvíst að viðkomandi sé kominn langt upp fyrir vanhæfismörk, sama eigi

við um klordiazepoxid og virku umbrotsefni þess, bara eitt og sér væri nóg ásamt demozipami, decmetiklordiazepoksíð og nordiazepamí.

Niðurstaða

Ákærðu er í þessum ákærulið gefið að sök að hafa ekið bifreið svipt ökurétti með röngu skráningarmerki og óhæf til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna og slævandi lyfja. Ákærða neitar sök.

Með hliðsjón af framburði lögreglumanns nr. 1844 og öðrum gögnum málsins telst nægilega sannað að ákærða hafi ekið bifreið sinni umrætt sinn, enda hefur ákærða ekki gefið trúverðugar skýringar á neitun sinni og verður að telja að engum öðrum en henni sé til að dreifa sem ökumanni.

Í máli þessu liggur fyrir matsgerð rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði sem staðfest hefur verið fyrir dómi og ekki verið hnekk og er niðurstaða hennar sú að ákærða hafi verið óhæf til þess að stjórna ökutæki örugglega. Þá var talið fullvíst vegna slævandi áhrifa annarra lyfja á miðtaugakerfið að ákærða hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti.

Ákærðu er einnig gefið að sök skjálabrot með því að aka bifreið með röngu skráningarmerki að framan, en skráningarmerkið hafi tilheyrt annarri bifreið og engu skráningarmerki að aftan. Ákærða ber því við að bifreið hennar hafi verið stolið og þegar hún fannst kvaðst hún ekki hafa áttað sig á því að hún væri á röngum skráningarmerkjum. Með vísan til þeirra ákvæða umferðarlaga er í ákæru greinir ber eigandi eða umráðamaður vélknúins ökutækis ábyrgð á skráningu þess í ökutækjaskrá og að skráningarmerki sé sett á það áður en það er tekið í notkun. Samkvæmt gögnum málsins var ákærða eigandi bifreiðarinnar [...] og hvíldi framangreind ábyrgð því á henni. Nægilega er því sannað að hún hafi ekið bifreiðinni með röngum skráningarmerkjum.

Þegar ákærða ók bifreiðinni var í gildi 7 mánaða ökuréttarsvipting hennar frá 15. maí 2019. Með hliðsjón af öllu framansögðu er því nægilega sannað að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök í þessum ákærulið og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Ákæruliður III (318-2020-3442, RLE 200976)

Málavextir

Miðvikudaginn 11. mars 2020 kl. 16:58 veittu lögreglumenn athygli bifreiðinni [...] og segir í lögregluskýrslu að ákærða hafi bakkað henni út úr bifreiðastæði við verslunina Nettó við Austurveg. Í skýrslunni er ákærðu lýst þannig að hún hafi verið föll í andliti, með mikla bauga, þurr í munni, talað óskýrt og verið í annarlegu ástandi. Þá segir að þvagsýni hafi verið jákvætt á COC, MOP, AMP, MET og BZO. Ákærðu var tekið blóð til rannsóknar kl. 17:40 sama dag.

Lögð hefur verið fram í málinu matsgerð rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði dagsett 7. maí 2020, undirrituð af sviðsstjóranum A og D lyfjafræðingi. Þar kemur fram að í blóði ákærðu hafi mælst eftirfarandi efni: Amfetamín: 125 ng/ml, Demoxepam: 680 ng/ml, Desmetýlklórdiazepoxíð: 570 ng/ml, Klórdiazepoxíð: 680 ng/ml, Kódein: 85 ng/ml, Nordiazepam: 810 ng/ml, O-desmetýltramadol: 40 ng/ml, Tramadol: 80 ng/ml og Zópiklón: 52 ng/ml. Í matsgerðinni kemur fram að amfetamín og þrjú síðastgreindu efnin séu í flokki ávana- og fíkniefna sem óheimil séu á íslensku forráðasvæði og teljist ökumaður því hafa verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar sýni var tekið. Þá er gerð grein fyrir slævandi áhrifum annarra lyfja á miðtaugakerfið og talið fullvíst að ökumaður hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti af þessum sökum.

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi

Ákærða skýrði svo frá fyrir dómi að hún hafi ekki verið að aka bifreið heldur hafi hún verið á rölti fyrir utan Nettó. Hún kannaðist við að hafa ekið að búðinni en ekki frá henni þar sem hún hafi séð að lögreglan hafi setið fyrir henni.

Lögreglumaður nr. H1396 gaf skýrslu fyrir dómi í gegnum fjarfundarbúnað og staðfesti afskipti sín af máli þessu. Hún kvaðst hafa verið við eftirlit á Selfossi og séð þegar kona gekk út í bíl, settist undir stýri og var að fara að bakka í burtu. Hún hafi næstum bakkað á bíl sem ók framhjá og ók viðkomandi þá aftur inn í bílastæðið. Hafi verið ákveðið að kíkja á hana og þegar vitnið kom að bílnum hafi ökumaðurinn verið að stíga út úr bifreiðinni og fannst vitninu hún vera í annarlegu ástandi, hún hafi verið föll í andliti og þvoglumælt. Hún kvað ökumann hafa sýnt vegabréf. Henni fannst ökumaðurinn ekki vera í ástandi til þess að vera að keyra, hún hafi verið frekar rugluð eða ringluð og átt erfitt með tal.

Vitnið A staðfesti matsgerð sína fyrir dómi. Fram kom í vitnisburði hennar að niðurstaða rannsóknarinnar staðfesti að viðkomandi gæti ekki stjórnað bifreið með

öruggum hætti þar sem greinst hefðu mörg lyf sem hefðu haft gífurlega slævandi áhrif. Sobiklónið hafi verið mjög hátt og sé aldrei réttlæt看legt að aka með svona háan styrk af því efni. Þetta sé styrkur þar sem viðkomandi eigi bara að vera sofandi, þarna séu sterku verkjalyfin tramadol og kódein og klordiazepoksíð og umbrotsefni þess en þarna sé ekki flogaveikilyfið klónazepam sem sé dálítið sérkennilegt ef manneskjan er með flogaveiki og þá hafi mælst amfetamín, 125 ng/ml.

Niðurstaða

Ákærðu er í þessum ákærulið gefið að sök að hafa ekið bifreið óháf til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna og slævandi lyfja. Ákærða neitar sök.

Með hliðsjón af framburði lögreglumanns nr. H1936 og öðrum gögnum málsins telst nægilega sannað að ákærða hafi ekið bifreið sinni umrætt sinn, enda hefur ákærða ekki gefið trúverðugar skýringar á neitun sinni og verður að telja að engum öðrum en henni sé til að dreifa sem ökumanni.

Í máli þessu liggur fyrir matsgerð rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði sem staðfest hefur verið fyrir dómi og ekki verið hnekk og er niðurstaða hennar sú að ákærða hafi verið óháf til þess að stjórna ökutæki örugglega. Þá var talið fullvíst vegna slævandi áhrifa annarra lyfja á miðtaugakerfið að ákærða hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti.

Með hliðsjón af framansögðu er því nægilega sannað að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök í þessum ákærulið og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Ákæruliður IV (318-2020-6759, RLE 201479)

Málavextir

Föstudaginn 22. maí 2020 kl. 19:47 fékk lögreglan tilkynningu um hugsanlega lyfjaðan ökumann sem ekið hefði bifreiðinni [...] frá Krónunni á Selfossi. Lögreglumenn fóru að heimili ákærðu, en bifreiðin var ekki þar. Í lögregluskýrslu segir að lögreglan hafi haft afskipti af ákærðu þar sem hún hafi ekið suður Eyraveg og stöðvað við heimili sitt að X. Ákærða var sögð óskýr í máli, í litlu jafnvægi og hafi hún þurft að styðja sig við bifreið til að geta staðið kyrr. Ákærða gaf þvagsýni á lögreglustöð og reyndist það jákvætt á MOP og BZO. Ákærðu var tekið blóð til rannsóknar kl. 20:55 sama kvöld.

Lögð hefur verið fram í málinu matsgerð rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði dagsett 3. júlí 2020, undirrituð af sviðsstjóranum A og D lyfjafræðingi. Þar kemur fram að í þvagi ákærðu hafi mælst Kódein og í blóði hennar hafi mælst eftirfarandi efni: Demoxepam: 350 ng/ml, Desmetýlklórdíazepoxíð: 570 ng/ml, Klónazepam: 43 ng/ml, Klórdíazepoxíð: 360 ng/ml, Kódein: 170 ng/ml og Nordíazepam: 560 ng/ml. Í matsgerðinni er gerð grein fyrir slævandi áhrifum þessara lyfja á miðtaugakerfið og talið fullvíst að ökumaður hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti af þessum sökum. Ákærða mun ekki hafa verið með ökuskírteini meðferðis.

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi

Ákærða kannaðist ekki við að hafa ekið bifreiðinni, hún kvaðst hafa verið stödd á heimili sínu og verið að sækja vörur í bifreiðina.

Lögreglumaður nr. 1840 gaf skýrslu fyrir dómi í gegnum fjarfundarbúnað og staðfesti afskipti sín af máli þessu. Hann kvað tilkynningu hafa borist um mögulega lyfjaðan eða ökumann undir áhrifum sem væri að koma frá Krónunni. Hafi verið farið að heimili ökumannsins, bifreiðin hafi ekki verið þar en þeir hafi mætt henni þegar ekið hafi verið frá heimilinu. Hafi ökumanni verið gefið merki um að stöðva en hann hafi ekki gert það heldur lagt í stæði fyrir utan heimili ákærðu. Hafi verið haft tal af ákærðu og hafi sést greinilega að ekki hafi allt verið með felldu, hún hafi verið eitthvað skrytín, ekki staðið upprétt heldur þurft að styðja sig og talað mjög óskýrt. Hún hafi því verið handtekin vegna gruns um lyfjaakstur.

Vitnið A staðfesti matsgerð sína fyrir dómi. Fram kom í vitnisburði hennar að niðurstaða rannsóknarinnar staðfesti að viðkomandi gæti ekki stjórnað bifreið með öruggum hætti þar sem greinst hefðu mörg lyf sem hefðu haft gífurlega slævandi áhrif.

Niðurstaða

Ákærðu er í þessum ákærulið gefið að sök að hafa ekið bifreið án þess að hafa ökuskírteini meðferðis og óhæf til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa slævandi lyfja. Ákærða neitar sök.

Með hliðsjón af framburði lögreglumanns nr. 1840 og öðrum gögnum málsins telst nægilega sannað að ákærða hafi ekið bifreið sinni umrætt sinn án þess að hafa ökuskírteini meðferðis, enda hefur ákærða ekki gefið trúverðugar skýringar á neitun sinni og verður að telja að engum öðrum en henni sé til að dreifa sem ökumanni.

Í máli þessu liggur fyrir matsgerð rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði sem staðfest hefur verið fyrir dómi og ekki verið hnekkt og er niðurstaða hennar sú að ákærða hafi verið óhæf til þess að stjórna ökutæki örugglega. Þá var talið fullvíst vegna slævandi áhrifa annarra lyfja á miðtaugakerfið að ákærða hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti.

Með hliðsjón af framansögðu er því nægilega sannað að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök í þessum ákærulið og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Ákæruliður V (318-2020-7010, RLE 201660)

Málavextir

Fimmtudaginn 28. maí 2020 kl. 14:15 hafði lögreglan afskipti af ákærðu þar sem hún var talin hafa ekið bifreiðinni [...] aftur á bak við Hörðuvelli 1 á Selfossi. Í lögregluskýrslu segir að ákærða hafi verið drafandi í tali og með samandregin sjáöldur. Hún hafi gefið þvagsýni sem hafi sýnt jákvæða svörun á Morfín og Benzó lyf. Þá segir að hjúkrunarfræðingur hafi komið á lögreglustöðina og dregið blóð úr ákærðu kl. 15:20 sama dag. Ákærða hafi sjálf rifið nálina úr handlegg sínum og hafi þá töluvert blóð farið á regnkápu sem hún hafi klæðst, að vísu á röngunni. Þegar hún hafi verið beðin um að gefa þvag hafi hún tekið niður um sig í afgreiðslu lögreglustöðvarinnar. Ákærða mun ekki hafa verið með ökuskírteini meðferðis. Í framhaldi af þessari atburðarás var ákærða svipt ökurétti til bráðabirgða og staðfesti hún það með undirritun sinni kl. 15:24 sama dag.

Lögð hefur verið fram í málinu matsgerð rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði dagsett 3. júlí 2020, undirrituð af sviðsstjóranum A og D lyfjafræðingi. Þar kemur fram að í þvagi ákærðu hafi fundist O-desmetýltramadol (umbrotsefni tramadols) og í blóði hennar hafi mælst eftirfarandi efni: Demoxepam: 450 ng/ml, Desmetýlklórdiazepoxíð: 650 ng/ml, Klónazepam: 29 ng/ml, Klórdiazepoxíð: 560 ng/ml, Nordiazepam: 600 ng/ml, Tramadol: 35 ng/ml og Zópiklón: 10 ng/ml. Í matsgerðinni kemur fram að tvö síðastgreindu efnin séu í flokki ávana- og fíkniefna sem óheimil séu á íslensku forráðasvæði og teljist ökumaður því hafa verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar sýni var tekið. Þá er gerð grein fyrir slævandi áhrifum annarra lyfja á miðtaugakerfið og talið fullvíst að ökumaður hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti af þessum sökum.

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi

Ákærða skýrði svo frá fyrir dómi að hún hefði ekki ekið bifreiðinni en hún kannaðist við að tekið hefði verið blóð úr henni til rannsóknar eins og vanalegt væri þegar lögreglan sæi hana. Þá væri hún handtekin hvort sem hún væri farþegi í bíl eða bara á göngu.

Lögreglumaður nr. 1726 gaf skýrslu fyrir dómi og staðfesti afskipti sín af máli þessu. Hún kvað ákærða hafa verið að bakka í burtu frá lögreglustöðinni þegar hún hafi verið stöðvuð. Hún kvað að ákærða hafi verið þurr í munni og augljóslega undir áhrifum lyfja og því hafi ekki verið talin ástæða til að láta fara fram læknisfræðilegt hæfnismat á henni.

Vitnið A staðfesti matsgerð sína fyrir dómi. Fram kom í vitnisburði hennar að niðurstaða rannsóknarinnar staðfesti að viðkomandi gæti ekki stjórnað bifreið með öruggum hætti þar sem greinst hefðu mörg lyf sem hefðu haft gífurlega slævandi áhrif.

Niðurstaða

Ákærðu er í þessum ákærulið gefið að sök að hafa ekið bifreið án þess að hafa ökuskírteini meðferðis og óhæf til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna og slævandi lyfja. Ákærða neitar sök.

Með hliðsjón af framburði lögreglumanns nr. 1726 og öðrum gögnum málsins telst nægilega sannað að ákærða hafi ekið bifreið sinni umrætt sinn, enda hefur ákærða ekki gefið trúverðugar skýringar á neitun sinni og verður að telja að engum öðrum en henni sé til að dreifa sem ökumanni.

Í máli þessu liggur fyrir matsgerð rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði sem staðfest hefur verið fyrir dómi og ekki verið hnekkt og er niðurstaða hennar sú að ákærða hafi verið óhæf til þess að stjórna ökutæki örugglega. Þá var talið fullvíst vegna slævandi áhrifa annarra lyfja á miðtaugakerfið að ákærða hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti.

Með hliðsjón af framansögðu er því nægilega sannað að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök í þessum ákærulið og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Ákæruliður VI (318-2020-7766, RLE 201676)

Málavextir

Miðvikudaginn 10. júní 2020 kl. 18:01 höfðu lögreglumenn afskipti af öikumanni bifreiðarinnar [...] sem ekið var norður Rauðholt þar til hún stöðvaði við Austurveg 46. Í lögregluskýrslu segir að skýrsluritari hafi þekkt öikumann vegna fyrri afskipta og hafi verið um ákærðu að ræða. Hafi hún verið í annarlegu ástandi og sjáanlega ölvuð. Þá kemur fram að hún hafi verið svipt ökurétti til bráðabirgða, en ákærða hafi neitað því og talið ökuréttindi sín vera í gildi. Ákærðu var tekið blóð til rannsóknar kl. 18:51 sama kvöld.

Lögð hefur verið fram í málinu matsgerð rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði dagsett 8. júlí 2020, undirrituð af sviðsstjóranum A og D lyfjafræðingi. Þar kemur fram að í blóði ákærðu hafi mælst eftirfarandi efni: Demoxepam: 670 ng/ml, Desmetýlklórdiazepoxíð: 1210 ng/ml, Klórdiazepoxíð: 1140 ng/ml, Kódein: 35 ng/ml og Nordiazepam: 1080 ng/ml. Í matsgerðinni er gerð grein fyrir slævandi áhrifum þessara lyfja á miðtaugakerfið og talið fullvíst að öikumadur hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti af þessum sökum.

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi

Ákærða skýrði svo frá fyrir dómi að hún kannaðist ekkert við þetta atvik.

Lögreglumaður nr. 0812 gaf skýrslu fyrir dómi og staðfesti afskipti sín af máli þessu. Hún staðfesti að akstur ákærðu hefði verið stöðvaður við Kentucky veitingastaðinn. Ástand hennar hafi verið þess eðlis að full ástæða hafi verið til að skoða hana nánar. Hún kvað að ekki hafi verið ástæða til að framkvæma lækisfræðilegt mat á ákærðu vegna ástands hennar.

Vitnið A staðfesti matsgerð sína fyrir dómi. Fram kom í vitnisburði hennar að niðurstaða rannsóknarinnar staðfesti að viðkomandi gæti ekki stjórnað bifreið með öruggum hætti þar sem greinst hefðu mörg lyf sem hefðu haft gífurlega slævandi áhrif.

Niðurstaða

Ákærðu er í þessum ákærulið gefið að sök að hafa ekið bifreið svipt ökurétti og óhæf til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa slævandi lyfja. Ákærða neitar sök.

Með hliðsjón af framburði lögreglumanns nr. 0812 og öðrum gögnum málsins telst nægilega sannað að ákærða hafi ekið bifreið sinni umrætt sinn, enda hefur ákærða

ekki gefið trúverðugar skýringar á neitun sinni og verður að telja að engum öðrum en henni sé til að dreifa sem ökumanni.

Í máli þessu liggur fyrir matsgerð rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði sem staðfest hefur verið fyrir dómi og ekki verið hnekkt og er niðurstaða hennar sú að ákærða hafi verið óhæf til þess að stjórna ökutæki örugglega. Þá var talið fullvíst vegna slævandi áhrifa annarra lyfja á miðtaugakerfið að ákærða hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti.

Þá liggur fyrir skjal sem staðfestir að ákærða hafi verið svipt ökurétti þann 28. maí 2020 og var sú ákvörðun birt ákærðu sama dag kl. 15:24. Undirritunin er að vísu ólæsileg en ekkert hefur fram komið í máli þessu sem bendir til þess að einhver annar en ákærða hafi ritað undir hana. Með hliðsjón af öllu framansögðu er því nægilega sannað að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök í þessum ákærulið og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Ákæruliður VII (318-2020-8597, RLE 201885)

Málavextir

Þriðjudaginn 23. júní 2020 kl. 17:55 hafði lögreglan afskipti af ákærðu þar sem hún ók norður Langholt við verslunina Byko, en hún var talin vera svipt ökurétti. Samkvæmt munnvatnssýni sem hún gaf var niðurstaðan jákvæð á ÓPI og COC. Í lögregluskýrslu segir að ákærða hafi verið í annarlegu ástandi, sjáöldur samandregin, jafnvægi óstöðugt og framburður ruglingslegur. Ákærðu var tekið blóð til rannsóknar kl. 18:26 sama kvöld.

Lögð hefur verið fram í málinu matsgerð rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði dagsett 21. júlí 2020, undirrituð af sviðsstjóranum A og E lyfjafræðingi. Þar kemur fram að í blóði ákærðu hafi mælst eftirfarandi efni: Demoxepam: 890 ng/ml, Desmetýlklórdiazepoxíð: 1640 ng/ml, Klórdiazepoxíð: 2030 ng/ml, Kódein: 40 ng/ml, Nordiazepam: 1550 ng/ml og Zópiklón: 11 ng/ml. Í matsgerðinni kemur fram að síðastgreinda efnið sé í flokki ávana- og fíkniefna sem óheimil séu á íslensku forráðasvæði og teljist ökumaður því hafa verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar sýnið var tekið. Þá er gerð grein fyrir slævandi áhrifum annarra lyfja á miðtaugakerfið og talið fullvíst að ökumaður hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti af þessum sökum.

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi

Ákærða kannaðist við að hafa ekið bifreið sinni umrætt sinn, en neitar sök og kvaðst ekki hafa vitað að hún væri svipt ökurétti.

Lögreglumaður nr. 1733 gaf skýrslu fyrir dómi í gegnum fjarfundarbúnað og staðfesti afskipti sín af máli þessu.

Lögreglumaður nr. 0601 gaf skýrslu fyrir dómi og staðfesti afskipti sín af máli þessu.

Vitnið A staðfesti matsgerð sína fyrir dómi. Fram kom í vitnisburði hennar að niðurstaða rannsóknarinnar staðfesti að viðkomandi gæti ekki stjórnað bifreið með öruggum hætti þar sem greinst hefðu mörg lyf sem hefðu haft gífurlega slævandi áhrif.

Niðurstaða

Ákærðu er í þessum ákærulið gefið að sök að hafa ekið bifreið svipt ökurétti og óhæf til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna og slævandi lyfja. Ákærða kannast við að hafa ekið bifreiðinni en neitar sök og kannast ekki við að hafa verið svipt ökurétti.

Í máli þessu liggur fyrir matsgerð rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði sem staðfest hefur verið fyrir dómi og ekki verið hnekkt og er niðurstaða hennar sú að ákærða hafi verið óhæf til þess að stjórna ökutæki örugglega. Þá var talið fullvíst vegna slævandi áhrifa annarra lyfja á miðtaugakerfið að ákærða hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti. Þá liggur fyrir skjal sem staðfestir að ákærða hafi verið svipt ökurétti þann 28. maí 2020 og var sú ákvörðun birt ákærðu sama dag kl. 15:24. Undirritunin er að vísu ólæsileg en ekkert hefur fram komið í máli þessu sem bendir til þess að einhver annar en ákærða hafi ritað undir hana.

Þegar ákærða ók bifreiðinni var í gildi bráðabirgðasvipting sem ákærðu var gerð þann 28. maí 2020. Með hliðsjón af öllu framansögðu er því nægilega sannað að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök í þessum ákærulið og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Upplýsingar um heilsufar ákærðu

Ákærða hefur lagt fram í máli þessu skömmtunarkort þar sem fram kemur að hún tekur á hverjum degi 13 tegundir ýmissa lyfja. Þá hefur hún lagt fram vottorð F geðlæknis, dagsett 1. desember 2020, en þar kemur fram að ákærða hafi fyrst komið til

hans 30. október 2017 en hún hafi þá þegar verið með langa veikindasögu og verið á viðeigandi lyfjameðferð. Hann hafi síðan séð hana reglulega, oftast mánaðarlega. Hann hafi verið ráðgefandi og reynt að gera lyfjameðferðina árangursríkari og taldi hann það hafa borið nokkurn árangur. Hann kvað ákærðu duglega og reglusama. Hún noti hvorki áfengi né önnur geðvirk efni utan þeirra er hún tekur samkvæmt læknisráði. Hún þoli lyfin vel og ekki sé á henni að sjá að hún sé undir áhrifum lyfja. Hún beri sig vel og sé hrein og snyrtileg. Lyfjameðferðin hafi byggst upp smátt og smátt á löngum veikindaferli, sé hluti lífs hennar sem hún geti vart án verið, geri hana færari en ella og sjálfbjarga. Það var mat hans að ákærða þoli lyfjameðferðina það vel að henni sé óhætt að stjórna ökutæki undir áhrifum þeirra lyfja sem um ræðir. Geðlæknirinn segir vottorðið gefið út með vísan til 8. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Hann kom fyrir dóm við fyrri meðferð málsins og staðfesti vottorð sitt. Hann kvað sér hafa verið kunnugt um öll þau lyf sem henni voru ávísuð. Hann kvaðst ekki hafa haft vitneskju um magn þeirra lyfja sem mældust í blóði ákærðu í þau sjö skipti sem mál þetta snýst um og ekki hafa verið kallaður til í þeim tilgangi að meta ástand ákærðu.

F staðfesti vottorð sitt fyrir dómi við seinni meðferð málsins og skýrði svo frá að skammtar ákærðu væru það stórir að undir venjulegum kringumstæðum væri alveg ófært að viðkomandi æki bifreið, en ákærða hefði langa sögu um veikindi. Hún hafi sjálfsagt byrjað á miklu lægri skömum sem hafi smátt og smátt aukist eftir því sem tíminn hafi liðið þannig að hún greinilega þoli orðið þessi lyf mjög vel. Hann kvaðst ekki hafa kynnt sér niðurstöður rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði sem vörðuðu mál ákærðu.

Þá hefur ákærða lagt fram vottorð G taugasérfræðings dagsett 13. desember sl. Þar kemur fram að ákærða hafi fyrst fundið fyrir einkennum þvoglumælgis og máttleysis í mars 2018. Hafi hún fundið fyrir skyndilegri máttminnkun í hægri hlið andlits, máttminnkun í hægri hendi og hægri fæti ásamt þvoglumælgis og höfuðverk. Hafi máttminnkun í útlimum hægri hliðar gengið til baka en vegna viðvarandi þvoglumælgis og höfuðverks hafi hún leitað á bráðamóttöku þann 23. mars 2018. Hún hafi aftur leitað á bráðamóttöku þann 26. apríl sama ár og við skoðun hjá bráðalækni hafi hún verið óskýr í tali og kraftar í útlimum minnkaðir. Hún hafi einnig verið drafandi í tali. G staðfesti vottorð sitt fyrir dómi.

Sakaferill, ákvörðun refsingar og annarra viðurlaga

Samkvæmt sakavottorði ákærðu sáttist hún á greiðslu 80.000 króna sektar 27. apríl 2017 fyrir brot gegn 2. mgr. 44. gr. þágildandi umferðarlaga og sviptingu ökuréttar í 3 mánuði frá þeim degi. Þá sáttist hún á greiðslu 385.000 króna sektar og 7 mánaða ökuréttarsviptingu frá 15. maí 2019 að telja fyrir brot gegn 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 22. gr. og 1. sbr. 3. mgr. 37. gr. og 1. sbr. 2. mgr. 44. gr. og 1. sbr. 2. mgr. 45. gr. a þágildandi umferðarlaga og 1. mgr. 19. gr. sbr. 41. gr. lögreglulaga.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af sakaferli hennar og fjölda þeirra brota sem hún er nú sakfelld fyrir 2.500.000 króna sekt til ríkissjóðs sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins en ella sæti ákærða fangelsi í 68 daga.

Ákærða fer fram á að hún verði ekki svipt ökurétti þar sem hún telur að beita eigi 8. mgr. 101. gr. núgildandi umferðarlaga gagnvart henni. Samkvæmt þeirri lagagrein skal ökumaður ekki beittur viðurlögum skv. 1. mgr., sbr. 5. mgr. ef hann hefur meðferðis við stjórn ökutækis vottorð læknis er sýnir fram á að hann sé haldinn tilteknum sjúkdómi eða ástandi og þurfi af þeim orsökum að neyta þeirra efna sem í blóði hans mælast og hann sýnir fram á að hann hafi fengið útgefið lyfjaskírteini frá Sjúkratryggingum Íslands, sbr. lög um sjúkratryggingar, vegna neyslu þeirra efna sem í blóði hans mælast og sýnt er fram á, með mati læknis að undangenginni læknisskoðun sem fram fer að beiðni lögreglu í framhaldi af stöðvun ökutækis, að hann hafi verið hæfur til að stjórna ökutækinu örugglega. Tekið skal fram í vottorði læknis skv. a-lið 8. mgr. að sjúklingurinn sé þrátt fyrir sjúkdóm sinn og lyfjainntöku fullkomlega fær um að stjórna ökutæki. Uppfylla þarf öll framangreind skilyrði komi til álita að beita ekki sviptingu ökuréttar. Ákærða uppfyllti ekkert þessara skilyrða og kemur því ekki til greina að beita þessu lagaákvæði og sleppa ákærðu við sviptingu ökuréttar. Taka ber fram að vottorð F geðlæknis dugar ekki til þess að sleppa ökuréttarsviptingu ákærðu, enda er það gefið út löngu eftir að brot ákærðu voru framin. Þar sem um ítrekað brot er að ræða af hálfu ákærðu og með hliðsjón af fjölda brotanna verður svipting hennar ákveðin 5 ár frá 28. maí 2020 að telja, en þann dag var hún svipt ökurétti til bráðabirgða.

Sakarkostnaður

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður ákærðu gert að greiða allan sakarkostnað vegna fyrri meðferðar málsins, þar með talinn útlagðan kostnað, 1.475.936 krónur og málsvarnarlaun skipaðs þáverandi verjanda síns, Ómars R. Valdimarssonar lögmanns, 700.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti auk

ferðakostnaðar lögmannsins, 25.536 krónur. Þá greiði ákærða einnig þóknun verjanda síns á fyrri stigum málsins, Sigurðar Freys Sigurðssonar lögmanns, 160.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Hins vegar þykir rétt að allur kostnaður málsins vegna síðari meðferðar þess greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Ingólfs Vignis Guðmundssonar lögmanns, 492.993 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, auk útlagðs kostnaðar lögmannsins vegna læknisvottorðs, 39.487 krónur og ferðakostnaðar, 14.400 krónur.

Hjörtur O. Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærða, Harpa Másdóttir, greiði 2.500.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins en sæti ella fangelsi í 68 daga.

Ákærða er svipt ökurétti í 5 ár frá 28. maí 2020 að telja.

Ákærða greiði allan sakarkostnað sem féll til á fyrri stigum málsins, þar með talinn útlagðan kostnað, 1.475.936 krónur og málsvarnarlaun skipaðs þáverandi verjanda síns, Ómars R. Valdimarssonar lögmanns, 700.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti auk ferðakostnaðar lögmannsins, 25.536 krónur. Þá greiði ákærða einnig þóknun verjanda síns á fyrri stigum málsins, Sigurðar Freys Sigurðssonar lögmanns, 160.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Úr ríkissjóði skal greiða allan kostnað málsins vegna síðari meðferðar þess, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Ingólfs Vignis Guðmundssonar lögmanns, 492.993 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, auk útlagðs kostnaðar lögmannsins vegna læknisvottorðs, 39.487 krónur og ferðakostnaðar, 14.400 krónur.

Hjörtur O. Aðalsteinsson